



Ofbeldisfull öfgahyggja og ungt fólk


Sema Erla Serdaroglu

aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

sema@hi.is

Öfgahyggja (e. extremism)

- Öfgahyggja er áhyggjuefni um allan heim.
- Öfgahyggja er ógn við öryggi, stöðugleika og velmegun þjóðríkja og alþjóðsamfélagsins auk þess sem um er að ræða alvarlegan lýðheilsuvanda sem hefur margþætt áhrif á einstaklinga, hópa fólks og samfélög um allan heim.
- Er það fyrst og fremst vegna tengsla öfgahyggju við ofbeldi og hryðjuverk og vegna afleiðinganna sem eru meðal annars manntjón, ótímabær dauði, ofbeldi, streita, ótti og kvíði á meðal almennings og jaðarsetning og fordæming minnihlutahópa.



- Almennt er gerður greinarmunur á *vitsmunalegri öfgahyggju* (e. cognitive radicalisation/extremism) sem felur í sér að einstaklingur aðhyllist öfgafullar skoðanir og hugmyndir og *ofbeldisfullri öfgahyggju* (e. violent extremism).
- Oftar en ekki haldast þessar birtingarmyndir í hendur en þrátt fyrir það aðhyllist fjöldi fólks öfgafullar skoðanir og hugmyndir án þess þó að beita ofbeldi til þess að ná þeim fram.

Ofbeldisfull öfgahyggja (e. violent extremism)

- Ofbeldisfull öfgahyggja er ferli sem felur í sér að einstaklingur eða hópur fólks tileinkar sér öfgafullar skoðanir, hugmyndir, gildi og/eða viðmið og er tilbúinn til þess að nota, hvetja til eða greiða leiðina fyrir ofbeldi til þess að ná fram markmiðum sínum. Þessi markmið geta falið í sér hugmyndafræðilegar, pólitískar eða trúarlegar umbreytingar á samfélaginu sem stangast á við ríkjandi gildi, viðmið og formgerðir samfélagsins. Um er að ræða ferli sem getur leitt til hryðjuverka. Ofbeldið sem fylgir öfgahyggjunni getur verið framið af einstaklingum eða hópum fólks. Þá getur birtingarmynd ofbeldisins verið allt frá munnlegu ofbeldi sem birtist meðal annars sem hatursorðræða yfir í hryðjuverkaárás.

Sema Erla Serdaroglu, 2021

Hverjir aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju?

- Fólk sem hefur samúð með málstað öfgahópa eða aðhyllist öfgafullar skoðanir og hugmyndir og gengur jafnvel til liðs við öfga- eða hryðjuverkasamtök og er tilbúið til þess að beita ofbeldi til að ná fram einhverjum markmiðum er fjölbreyttur hópur fólks.
- Um er að ræða einstaklinga með mismunandi bakgrunn, uppruna, trú, hefðir og menningu, einstaklinga í mismunandi stöðu í samfélaginu, með mismunandi menntun og reynslu, einstaklinga á mismunandi aldri og af öllum kynjum.
- Það sem vekur athygli er að rannsóknir benda til þess að þeir einstaklingar sem aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju í Evrópu hafa verið að yngjast á síðustu árum.

Ungt fólk og ofbeldisfull öfgahyggja

- Á síðustu árum hefur til að mynda fjöldi ungs fólks sem fæddur er í Evrópu og aðhyllist hugmyndir og skoðanir jíhadista aukist, meðal annars í Frakklandi, Belgíu, Hollandi og Þýskalandi
 - fjöldi þeirra, einstaklingar allt niður í 13 ára aldur, hefur farið til Íraks eða Sýrlands til þess að berjast með hryðjuverkasamtökunum Íslamska ríkið og hafa mörg þeirra látið lífið þar.
- Á sama tíma sýna rannsóknir fram á að ungt fólk í Evrópu aðhyllist í auknum mæli öfga-hægrisinnaðar skoðanir og hugmyndir, meðal annars í Frakklandi, Belgíu, Þýskalandi og víðar, og er í auknu mæli að ganga til liðs við hreyfingar og samtök sem kenna sig við ný-nasisma og ofbeldi.
- Það bendir til þess að mismunandi birtingarmyndir ofbeldisfullrar öfgahyggju geta verið til staðar á sama tíma, á sama stað og þær geta ýtt hvor undir aðra.

Ungt fólk og ofbeldisfull öfgahyggja

- Vegna þessarar þróunar er ungt fólk í dag skilgreint sem sérstakur áhættuhópur með tilliti til hættunnar á því að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og ganga til liðs við öfgahópa eða hryðjuverkasmök sem beita skipulögðu ofbeldi og hryðjuverkum til þess að ná fram markmiðum sínum.
- Unglingsárin sjálf hafa því verið skilgreind sem áhættuþáttur fyrir ofbeldisfullri öfgahyggju.
- Vegna þeirra alvarlegu afleiðinga sem fylgja ofbeldisfullri öfgahyggju hefur víða verið kallað eftir aðgerðum til þess að sporna gegn slíkri öfgahyggju og þá sérstaklega á meðal ungs fólks.
- Í því samhengi er lögð áhersla á að greina hvað það er sem veldur því að ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju, hverjir áhættuþættirnir eru og hvaða leiðir eru árangursríkar til þess að sporna gegn því að ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju.

Forvarnir gegn ofbeldisfullri öfgahyggju ungs fólks

- Árum saman hefur fræðafólk og sérfræðingar á mörgum sviðum lagt áherslu á áhættuþætti sem og verndandi þætti sem snúa að öfgahyggju ungs fólks með það að markmiði að koma í veg fyrir að ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju.
- Í dag er unnið að forvörnum gegn og snemmtækum inngripum í ferli ofbeldisfullrar öfgahyggju hjá ungu fólki um allan heim.
- Rannsóknir hafa þó sýnt fram á að áhrif af stefnumótun, aðgerðum og forvörnum til þess að sporna gegn ofbeldisfullri öfgahyggju og hryðjuverkum á meðal ungs fólks hafa að mestu leyti skilað neikvæðum niðurstöðum.
- Ein af ástæðunum fyrir því er að forvarnir og inngrip hafa einkennst að miklu leyti af öryggissjónarmiðum þar sem reynt er að greina hættuna á ofbeldisfullri öfgahyggju ungs fólks og auka eftirlit með ákveðnum hópum fólks.
- Afleiðingarnar af því hafa verið þær að ákveðnir einstaklingar og hópar fólks verða fyrir jaðarsetningu, fordæmingu og útskúfun og það hefur ýtt undir aukna fordóma í garð minnihlutahópa.

Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi sem forvörn

- Í forvörnum gegn ofbeldisfullri öfgahyggju á meðal ungs fólks er því í dag reynt að leggja aukna áherslu á samfélagslegar nálganir (e. community-based approaches).
- Með því er átt við samvinnu sem flestra aðila í nær- og fjærumhverfi ungs fólks, eins og skóla og kennara, yfirvalda og lögreglu, aðila sem starfa í íþrótt- og tómstundastarfi og annarra stofnana samfélagsins.
- Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi getur verið mikilvæg forvörn gegn því að ungt fólk tileinki sér ofbeldisfulla öfgahyggju og gangi til liðs við öfgahópa eða hryðjuverkasamtök.
- Það er sérstaklega vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem þátttaka í tómstundum getur haft á einstaklinginn sem tekur þátt og vegna áherslupátta í starfinu eins og jákvæð gildi og viðmið. Einnig vegna mikilvægi þeirra sem starfa í skipulögðu tómstundastarfi með ungu fólki, meðal annars vegna þess að þau eru fyrirmyndir þátttakendanna og geta stuðlað að jákvæðri upplifun og þróun hjá ungum einstaklingum.



Ofbeldisfull öfgahyggja og ungt fólk

Sema Erla Serdaroglu

aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

sema@hi.is